

Niðurstaða athugunar á gæðum TRS II skýrslna hjá Acro verðbréfum hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands framkvæmdi vettvangsathugun hjá Acro verðbréfum hf. (Acro) í september 2023 og lá niðurstaða fyrir í maí 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna fylgni Acro við 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014, um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 (MiFIR), sem lögfest var með 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga. Í því fólst að kanna m.a. fylgni við 15. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/590, um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um skýrslugjöf um viðskipti til lögbærra yfirvalda, sem innleidd er með reglum nr. 545/2023 um umgjörð viðskipta með fjármálagerninga. Framangreind ákvæði kveða á um skyldu verðbréfafyrirtækja og lánastofnana sem framkvæma viðskipti með fjármálagerninga til að veita fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands fullar og réttar upplýsingar um slík viðskipti eins og fljótt og auðið er. Þá var jafnframt könnuð fylgni við 21. gr. laga nr. 115/2021 um almennar skipulagskröfur í tengslum við skýrslugjöf félagsins auk 91. gr. laga nr. 115/2021 hvað varðar samstillingu viðskiptaklukkna. Í því fólst að kanna fylgni við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2017/574, um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir nákvæmnistig viðskiptaklukkna sem innleidd er með reglum 372/2024 um skipulagskröfur fyrir viðskiptavettvanga. Skýrslugjöf til fjármálaeftirlitsins um viðskipti með fjármálagerninga gengur undir heitinu TRS II skýrslur og eru gögnin og gæði þeirra fjármálaeftirlitinu nauðsynleg við eftirlit og rannsóknir.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði í tengslum við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að Acro hefðu brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 115/2021, MiFIR og reglugerða (ESB) nr. 2017/590 og 2017/574. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Reglulegri afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu var verulega ábótavant þar sem slíkar afstemmingar hafa ekki verið framkvæmdar hjá félaginu. Með því uppfyllti Acro ekki kröfur 26. MiFIR um reglulega afstemmingu viðskiptagagna úr framlínu, sbr. 3. og 4. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590. Þá var verklagsregla Acro um TRS skýrsluskil til fjármálaeftirlitsins ekki að fullu í samræmi við kröfu 15. gr. reglugerðarinnar hvað varðar reglulega afstemmingu og uppfyllti félagið því heldur ekki að fullu almennar skipulagskröfur skv. 21. gr. laga nr. 115/2021.

- Nákvæmni viðskiptaklukkna var að nokkru ábótavant í úrtaki fjármálaeftirlitsins. Að því leyti uppfyllti Acro ekki kröfur 91. gr. laga nr. 115/2021 um viðmiðunartíma viðskipta, sbr. 1. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/574.
- Notkun Acro á viðskiptahlutverki var ábótavant í 20% tilvika í úrtaki fjármálaeftirlitsins. Þannig uppfyllti Acro ekki kröfur 26. gr. MiFIR varðandi viðskiptahlutverk, sbr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.
- Notkun Acro á auðkenniskóða kaupanda og seljanda var að nokkru ábótavant. Hvað það varðar uppfyllti Acro ekki kröfur 26. gr. MiFIR um auðkenniskóða kaupanda og seljanda, sbr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.
- Viðskiptamenn voru í nokkrum tilvikum ranglega tilgreindir í skýrsluskilum til eftirlitsins. Acro uppfyllti þannig ekki kröfur 26. gr. MiFIR varðandi auðkenniskóða kaupanda og seljanda, sbr. 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 2017/590 og töflu 2 í I. viðauka við reglugerðina.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að Acro geri grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send verði fjármálaeftirlitinu.